

42. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 20. apríl 2022 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands

Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS.

Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja

Nanna Kristjana Traustadóttir, fulltrúi Keilis

Fríða Stefánsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar boðaði forföll svo Guðmundur Grétar Karlsson stýrði fundinum sem varaformaður.

Dagskrá fundarins:

1. Síðustu fundir og uppákomur

Forstöðumaður sagði frá síðustu fundum og uppákomum. Vísindaferð fyrir líffræðinema við HÍ var haldin 18. mars síðastliðinn og von er á um 100 manna kennarahópi í heimsókn í byrjun maí. Gistirýmin verða nýtt nánast að fullu í allt sumar, en þau eru nú 17 talsins, og bókanir eru farnar að berast frá leik- og grunnskólum vegna vorferða. Ársfundur Samtaka þekkingarsetra verður haldinn hér 22.- 23. ágúst og ársfundur INTERACT verður haldinn 26.- 30. september en staðsetning hans kynnt síðar.

2. Fundur Samtaka þekkingarsetra með ráðherra

Stjórn Samtaka þekkingarsetra óskaði nýlega eftir fundi með Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Tveir fulltrúar samtakanna hittu ráðherra og tvo fulltrúa ráðuneytisins þann 13. apríl síðastliðinn. Starfsemi þekkingarsetranna var þar kynnt og ýmis málefni setranna rædd.

3. Starfsmannamál og sumarið

Staða verkefnisstjóra miðlunar og fræðslu var nýlega auglýst hjá Þekkingarsetrinu og hefur Daníel G. Hjálmtýsson verið ráðinn í starfið sem verður til eins árs, með möguleika á framlengingu. Einn

sumarstarfsmaður verður við störf í setrinu í sumar en þrír erlendir háskólanemar verða í starfsþjálfun hjá stoðstofnunum setursins, Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum og Náttúrustofu Suðvesturlands.

4. Viðhald hússins og viðhaldspörf

Forstöðumaður sagði frá því viðhaldi sem farið hefur fram síðustu mánuði, sem var mikið til ófyrirséð og kom í kjölfar leka. Lögð var til breyting á samningi setursins við Suðurnesjabæ vegna viðhalds, sem stjórn samþykkti að sett yrði í skoðun.

5. Önnur mál

Stjórn gekk um húsið og skoðaði endurbætur á gistirými og fleiru sem hafa verið í vinnslu síðustu mánuði.

Næsti fundur stjórnar verður fimmtudaginn 19. maí kl. 14:00, og ársfundur í kjölfarið kl. 15:00.

Fundi var slitið kl. 15:45.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Björk Guðjónsdóttir - Sign

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

Guðmundur Grétar Karlsson - Sign

Nanna Kristjana Traustadóttir - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign